



Rafrænn persónuafsláttur

Útprentuð skattkort voru lögð niður frá og með 1. janúar 2016. Í staðinn var tekinn upp rafrænn persónuafsláttur. Starfsmaður ber ábyrgð á að láta launafulltrúa vita um nýtingu persónuafsláttar hjá sveitarfélaginu.

Það sem starfsmaður þarf að gera:

1. að upplýsa um hversu hátt hlutfall persónuafsláttar á að nýta hjá Dalvíkurbyggð.
2. að láta launafulltrúa vita ef nýta á ónýttan persónuafslátt (innan ársins). Upplýsingar um ónýttan persónuafslátt eru á www.skattur.is, og skráir starfsmaður sig inn annað hvort með rafrænum skilríkjum eða veflykli ríkisskattsstjóra.



- Valið er *Yfirlit til launagreiðanda* þar sem veittar eru upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og hversu mikill persónuafsláttur hefur verið nýttur á árinu. Best er að láta launafulltrúa fá þessar upplýsingar og reiknar hann þá út upphæðina sem hægt er þá að nýta við launagreiðslur.
3. Sama gildir um persónuafslátt maka (ef á að nýta hann), upplýsa þarf um hlutfall og uppsafnaðan afslátt.

Börn yngri en 16 ára þurfa ekki að greiða skatt og þurfa því ekki að veita þessar upplýsingar.

Sé starfsmaður í vinnu annars staðar, er rétt að benda á að skoða skattþrepin og þá ef það kýs að setja laun sín í annað þrep. Frekari upplýsingar um skattþrep eru á <https://www.rsk.is/einstaklingar/stadgreidsla/skattthrep/>

Ofangreindum upplýsingum þarf starfsmaðurinn að koma til launafulltrúa, helst í tölvupósti (runa@dalvikurbyggd.is) eða í síma (**460-4906**). Er það algerlega í höndum launþega að þessari upplýsingar berist, annars verður persónuafsláttur ekki nýttur.